

Hreppar.	Púfnasljettun í □ föðmum.				Túngarðar hlaðnr, faðmar.				Færikvíar.				Nýtt mótak.			
	1873	1874	1875	1876	73	74	75	76	73	74	75	76	73	74	75	76
152. Skeggjastaða - hr.	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
153. Vopnafjarðar-hr. .	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
154. Jökuld. og Hlíðar-h.	»	»	»	»	»	»	»	»	59	42	44	»	»	»	»	»
155. Tungu-hr. . . . .	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
156. Fellna-hr. . . . .	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
157. Fljótsdals-hr. . .	»	»	»	»	60	414	»	»	22	24	25	24	»	»	»	1
158. Hjaltastaða-hr. . .	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
159. Borgarfjarðar-hr.	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
160. Loðmundarfj.-hr.	20	20	»	»	»	»	»	»	10	9	9	9	»	»	»	»
161. Seyðisfjarðar-hr. .	»	»	»	»	»	»	»	»	9	13	12	9	14	25	17	25
162. Skriðdals-hr. . . .	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	17	20	»	»	10	11
163. Valla-hr. . . . .	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
164. Eyða-hr. . . . .	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
165. Mjóafjarðar-hr. .	20	»	»	»	»	»	»	20	8	7	7	9	7	6	6	9
166. Norðfjarðar-hr. . .	»	»	88	245	»	»	»	»	6	6	8	»	»	1	16	»
167. Reyðarfjarðar - hr.	530	564	20	240	30	10	717	28	45	47	»	4	»	»	2	»
168. Fáskrúðsfjarðar-hr.	12	»	»	»	»	»	»	26	21	33	29	»	17	30	32	»
169. Breiðdals-hr. . . .	80	»	»	»	»	»	»	25	4	5	6	5	»	»	»	»
170. Berunes-hr. . . . .	40	755	40	100	»	»	»	»	5	3	3	4	»	»	»	»
171. Geithellna-hr. . . .	»	»	»	»	20	»	208	12	5	10	14	»	2	7	1	»

Eyður fyrir tölunum í búnaðartöflu þessari tákna, að þar vantar skýrslur. Hreppaskýrslurnar úr norður- og austurumdæminu um árið 1872 hafa glatazt, þegar brann á Möðruvöllum 1874.

Svígatölurnar í dálkunum fyrir flatarmál kálgarða í hreppatöflunni tákna tölu kálgarða í hreppnum, þar sem hreppstjórar hafa að eins tilgreint hana í skýrslum sínum, en eigi flatarmálið.

## Stjórnarbrjef og auglýsingar.

101  
20. júní.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um hreppshelgi bónda, er ekki hafði þegið af sveit.* — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, um áfrýjun Vindhælishrepps á úrskurði yðar frá 10. sept. f. á., er staðfestir úrskurð sýslumannsins í Húnavatnssýslu 1. maí 1877 um framfærslu Hjartar bónda Guðmundssonar, skal yður tjáð til leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir.

Ágreiningur sá, sem valdið hefir þessu máli, er sprottinn af því, að Engihlíðarhreppur, þegar nefndur bóndi var búinn að dvelja þar rúm 9 ár, krafðist endurgjalds frá fæðingarhreppi hans, sem er Vindhælishreppur, á 17 króna láni, er Hjörtur hafði þegið, og þar að auki beiðdist úrskurðar um, hvar hann ætti sveit, eða, hvort hann hefði ekki með því að flytjast úr hreppnum um 3 vikna tíma á 10. ári dvalar sinnar í hreppnum slitið dvöl sinni þar svo, að hann yrði að halda sveit sinni í fæðingarhreppnum. Það verður nú sjálfsagt ekkert haft á móti því, að hreppsnefnd útvegi sjer sannanir um flutninga þá úr hreppnum, er eiga sjer stað, en hún virðist ekkert tilkall hafa til að fá framfærslu-sveit manns ákveðna með úrskurði, á meðan hlutaðeigandi hefir ekki þegið sveitarstyrk eða er orðinn vegalaus, og með því að ekkert sjest um, að svo hafi verið í þessu máli,

en Engihlíðarhreppur þvert á móti hefir unað við úrskurð sýslumannsins um, að áminnt lán verði ekki álitid sveitarstyrkur, virðist ekki nægileg ástæða til að úrskurða nefndan ágreining að sinni. Að öðru leyti leiðir það þegar af því, að Hjörtur hafði ekki að því er sjæð verður dvalið 10 ár í Engihlíðarhreppi eða annarsstaðar fyrir utan fœðingarhrepp sinn, þegar áminntur sýslumannsúrskurður var kveðinn upp, að hann þá átti framfærslu í Vindhœlishreppi. **101**  
20. júní.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um vegabætur á fjallveginum yfir Bröttubrekku.* — Hjer með læt jeg yður þjónustusamlega tjáð, herra amtmáður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar fyrir hlutaðeigendum og frekari ráðstafanar, að jeg samkvæmt tillögum yðar í þóknanlegu brjefi 4. þ. m. að beiðni sýslunefndarinnar í Dalasýslu hafi veitt 480 kr. af fje því, sem til er tekið í 10. gr. C 6. í fjárlögnum, til þess nú í sumar að gjöra við hina lókustu kafla af fjallveginum yfir Bröttubrekku. **102**  
20. júní.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um bústað hjeraðslæknis.*— Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtm., dags 29. f. m., hefi jeg meðtekið álit sýslunefndanna í Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu um bústað hjeraðslæknisins í 13. læknishjæraði, og læt nú svo fyrirmælt samkvæmt lögum um aðra skipun læknahjæraðanna á Íslandi, dags. 15. október 1875, 2. gr., að nefndur hjeraðslæknir skuli hafa aðsetu í verzlunarstaðnum Vopnafirði. **103**  
20. júní.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um umsjónarmennskuna við hinn lærða skóla.* — Í brjefi 25. f. m. hefir ráðgjafinn samþykkt, að umsjónarmennskan og dyravarðarstörfin við hinn lærða skóla skuli um næsta skóla-ár, frá 15. septbr. þ. á., falin á hendur umsjónarmanninum, sem verið hefir, Jóni Árnasyni, með þeim kjörum, að hann fái þóknanir þær, er þar til eru ætlaðar í fjárlögnum, 13. gr. B. III. b 1 og 2, 600 kr. um árið handa umsjónarmanni og 760 kr. um árið handa dyraverði, og að hann halði hýbýlum þeim, er umsjónarmaður hefir haft í skólanum, að undanfögnu, þó að fráskildu herberginu við hliðina á dyravarðarklefanum, með því að búa á til úr því bekk til gagnfrœðakennslu, er hún verður upptekin í skólanum. **104**  
20. júní.

— *Brjef landshöfðingja til landsyfirrjettarins um prentun dómasafns* **105**  
1877 og 1878. — Hjer með læt jeg ekki undanfalla að tilkynna hinum konunglega landsyfirrjetti til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Einari prentara Þórðarsyni, að jeg samkvæmt tillögum hins heiðraða rjettar í þóknanlegu brjefi 15. marz þ. á. og tilboði frá nefndum Einari Þórðarsyni hefi ákveðið, að hann skuli fá til prentunar á sinn kostnað dómasafn landsyfirrjettarins um árin 1877 og 1878, ásamt hæstarjettardómum í íslenzkum málum þessi ár, með þeim kostum, að hann fái 45 kr. styrk úr landssjóði fyrir hvorn árganginn, að landsyfirrjetturinn annist undirbúning safnsins til prentunar og prófarkalestur honum kostnaðarlaust, að ritið sje eigi selt dýrara innhept í kápu en 12 aura örkin í sama broti og með sömu leturmergð og í þeim tveim árgöngum, er þegar **105**  
20. júní.